



# Lögboðin starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og séruppdráttá

Skilmáli nr. AP27

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

## Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AP27.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Trygging þessi er samkvæmt 5. mgr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra nr. 271/2014.

Starfsábyrgðartryggingin er lögboðin og er ætlað að bæta tjón sem hönnuðir aðal- og séruppdráttá kunna að valda í starfi sínu.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

## 1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá hönnuður sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

## 3. Hvenær gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 3.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur, sbr. þó 11. gr. um fyrningu.
- 3.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

## 4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir almennt fjártjón eiganda mannvirkis eða annars þriðja manns er leiðir af gáleysi í störfum hans sem hönnuðar og hann hefur ábyrgt með áritun á uppdrátt, sbr. 23. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

## 5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
- a) Tjón sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem löggilts hönnuðar.
  - b) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
  - c) Líkamstjón og skemmdir á munum.
  - d) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

## 6. Tryggingarfjárhæð

- 6.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla VÍS vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6.2 VÍS greiðir kostnað sem eðlilegt er að tryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem tryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu sem tryggingin tekur til.
- 6.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar er VÍS aðeins skylt að greiða þann hluta



vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

- 6.4 Tryggingarfjárhæðir breytast 1. janúar ár hvert miðað við breytingar á byggingarvísitölu. Verð og eigin áhætta breytast á sama hátt.

## 7. Eigin áhætta

- 7.1 Af hverju tjóni ber tryggingartaki eigin áhættu eins og tiltekið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Eigin áhætta tryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

## 8. Endurkrafa

- 8.1 VÍS á endurkröfurétt á hendur tryggðum hafi það greitt bætur samkvæmt gr. 11.2 eftir að trygging hefur fallið niður.

## 9. Staða tjónþola við tjón

- 9.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 9.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 9.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 9.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Meðferð bótakrafna

- 10.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 10.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

## 11. Lok tryggingar

- 11.1 Tryggingin fellur sjálfkrafa niður ef tryggður fullnægir ekki lengur lögmæltum skilyrðum um löggildingu hönnuða.
- 11.2 Enda þótt tryggingin sé fallin úr gildi ber VÍS ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til 4 vikur eru liðnar frá því að VÍS tilkynnti tryggðum og Mannvirkjastofnun að tryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir þennan frest.

**Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.**